

Sektakrafan er byggð á áðurgreindri skuldbindingu áfrýjanda og virðist eftir framansögðu verða að taka hana til greina.

Þar sem kröfur áfrýjanda verða að engu leyti teknar til greina ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Þorleifur Guðmundsson greiði stefnda G. Gíslason & Hay Ltd 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 8. nóvember 1915.

Nr. 39/1915.

Björn Gíslason
gegn
Degi Brynjólfssyni.

D ó m u r:

Eftir kröfu hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi, Guðmundar Þorkelssonar, sem umsjónarmanns kirkju-

eignarinnar Gaulverjabæjar, í bréfi dags. 5. júní þ. á. var fógetaréttur Árnassýslu haldinn þar 7. s. m. til þess að bera út af jörðinni áfrýjanda þessa máls Björn Gíslason. Guðmundur Þorkelsson hafði þá lát-ið af hreppstjórn, en eftirmaður hans, Dagur Brynj-ólfsson, sem stefndur er í málinu, mætti við fógeta-gerðina og hélt fram kröfu fyrirrennara síns um út-burðinn. Í réttinum nefndan dag kvað fógétinn upp 2 úrskurði, annan útaf kröfu Björns Gíslasonar um að fógétinn viki sæti í málinu á þá leið, að sú krafa yrði eigi tekin til greina, og hinn um kröfu gerðar-beiðanda á þá leið, að útburðurinn skyldi fram fara.

Úrskurðum þessum hefir áfrýjandi skotið til yfir-dómsins, með stefnu dags. 17. júní þ. á., og eru kröf-ur hans þær, að fyrri úrskurðinum verði breytt þannig, að fógétinn, Sigurður sýslumaður Ólafsson, verði dæmdur til að víkja sæti og málinu skipað í sama horf og það var í 7. júní þ. á., og að síðari úrskurðurinn verði feldur úr gildi, þannig, að synjað verði um útburðinn, svo og að áfrýjanda verði dæmd-ur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst, að báðir úrskurðirnir verði stað-festir og áfrýjandi dæmdur í málskostnað og sekt fyrir þrætgirni.

Þess skal hér getið, að annar meðdómandi í yfir-dómi vikur úr dómarsæti í máli þessu sökum þess, að hann hefir áður haft meðgerð með það í stjórnar-ráðinu.

Þann 26. júlí f. á. gerðist sá samningur milli Jóns Magnússonar, þá bónda á Gaulverjabæ, og Jóns St. Schevings fósturföður áfrýjanda, að Scheving

skyldi þann dag taka við ábúð á Gaulverjabæ og halda jörðina til fardaga 1915 og taka jafnframt á leigu af Jóni Magnússyni búslóð og hús, er hann átti á jörðinni, fyrir verð, er ákveðið var í samningnum. Þennan gerning samþykkti umráðamaður jarðarinnar, fyrnefndur hreppstjóri, og 28. sept. lét hann Scheving fá lífstíðarbyggingarbréf fyrir jörðinni, er sýslumaður samþykkti 30. s. m. En 12 febr. þ. á. sagði Scheving jörðinni lausri; var hún þá auglýst til ábúðar og byggð í marzmán. Skúla Thorarensen, sem nú býr þar.

Áfrýjandi telur sig hafa verið löglegan ábúanda á Gaulverjabæ síðastliðið fardagaár og hann litur svo á, að hann eigi ábúðarrétt á jörðinni líðandi fardagaár; heldur hann því fram, að Scheving hafi verið fulltrúi sinn eða umboðsmaður, er hann samdi við Jón Magnússon um ábúðina, og rekið búskapinn fyrir sína (áfrýjanda) hönd og á sinn kostnað og hafi það verið með vitund og samþykki hreppstjórans. Svo hafi það og verið er Scheving tók byggingarbréf fyrir jörðinni, að hann hafi gert það í þágu áfrýjanda og ætlun hans verið að áfrýjandi hefði umráð og afnot jarðarinnar framvegis. Hins vegar hafi það verið að óvilja áfrýjanda og í trássi við hann, er Scheving sagði jörðinni lausri, og eftir það 20. febr. hafi hreppstjórinn bréflaga heitið áfrýjanda því að byggja honum jörðina, ef hann yrði hæstbjóðandi í hana, og kveðst áfrýjandi hafa boðið 25 kr. meira en hæsta boð frá öðrum, telur áfrýjandi að þetta loforð hreppstjórans verði að teljast jafngildi byggingarbréfs fyrir jörðinni.

Áfrýjandi staðhæfir, að sýslumaðurinn hafi verið svo mjög við mál þetta riðinn, að hann hafi verið óhæfur til að fara með það sem fógeti og kveða upp úrskurð í því, það hafi verið að hans fyrirlagi eða undirlagi, að hreppstjórinn synjaði áfrýjanda um byggingu á jörðinni og brá þannig loford sitt við hann, en bygði jörðina öðrum og krafðist útburðar á áfrýjanda; hafi fógetanum því verið skylt að vikja sæti. Þegar mótmæli þessi komu fram í fógetaréttinum af hálfu áfrýjanda lýsti fógetinn því yfir, að hann hefði á engan hátt verið við mál þetta persónulega riðinn en haft þau ein afskifti af því, er máli skifta, að hann hefði samkvæmt embættisskyldu sinni ritað samþykki sitt á byggingarbréf fyrir jörðinni handa Skúla Thorarensen og með því að eins staðfest til lögu hreppstjórans, að honum væri byggð jörðin. Áfrýjandi hefir ekki gert tilraun til að sanna, að afskifti fógetans af málinu hafi verið önnur en fógetinn skýrir frá, og var þá engin heimild eða skylda til þess að hann tæki þessa kröfu áfrýjanda til greina. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um að fógetinn viki eigi sæti í málinu. Krafa áfrýjanda í sambandi við þetta um að málinu verði skipað í sama horf og það var í 7. júní þ. á. verður þá eigi heldur samþykkt, enda hefir ábúandanum Skúla Thorarensen eigi verið stefnt, en téðri kröfu yrði því að eins fullnægt að ábúandinn yrði borinn út eða dæmdur til að vikja af jörðinni.

Kemur þá til álits krafa áfrýjanda um ógildingu útburðarúrskurðarins. Áfrýjandi byggir kröfuna á því, að hann hafi verið ábúandi á jörðinni síðastliðið

fardagaár, en ekki fengið, eins og hann hafi átt heimtingu á, aðvörun fyrir jól um að vikja af jörðinni, og að hann hafi haft loforð hreppstjórans, jafngildi byggingarbréfs, fyrir ábúðinni frá síðastliðnum fardögum. En þessum röksemdum áfrýjanda verður eigi komið heim við framangreind óvéfengd atvik málsins, er sýna að áfrýjandi fekk aldrei ábúðarrétt á jörðinni hvorki fardagaárið 1914—1915, þó að hann þá ræki þar eða stæði fyrir búskap í nafni Schevings, né liðandi fardagaár, þó að hann fengi skriflegt loforð hreppstjóra um byggingu, með því eigi getur komið til mála, að meta loforð þetta á borð við löglegt byggingarbréf, enda var hreppstjórninn eigi einhlitur um að efna slíkt loforð, sbr. lög. 16. nóv. 1907, 9. gr. og reglugerð 5. ág. 1908, og sá sér það eigi heldur fært, þegar á skyldi herða. Að svo vöxnu máli var umboðsmanni landsdrottins rétt að beiðast aðstoðar fógeta til að láta áfrýjanda vikja af jörðinni, og kemur það eigi til álits, hvort hún sem áfrýjandi véfengir, hafi verið löglega byggð hinum nýja ábúanda, er eigi er stefnt í málinu. Það ber samkvæmt þessu að telja útburðargerðina löglega og staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð þar að lútandi.

Það er eigi alveg næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir ástæðulausa málsýfingu, en eftir mála-vöxtum þykir rétt að hann greiði stefnda máls-kostnað, er ákveðst 40 krónur.

Málaflutningsmaður áfrýjanda hefir í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdómi borið fógeta brixlyrdum og haft ósæmilegt orðbragð um málflytningmann stefnda og óstefndan, nafngreindan mann. —

Hann brixlar fógeta um að hafa »visvitandi hallað máli« áfrýjanda í óhag, segir um málaflutningsmann stefnda, að maður hafi »gint hann eins og þursa« með nokkru er »enginn með meðalgripsviti var vorkunn að sjá«, og um óstefnda manninn segir hann, að hann hafi »gripið til þess örþrifaráðs að rógbera áfrýjandi«, kallar manninn »ópokka«, og nefnir tiltekinn verknað, er hann eignar honum »hið versta þorparastrik« og »varmenskubragð«. Ummæli þessi öll eiga að vera dauð og ómerk og málaflutningsmaður áfrýjanda, Páll Jónsson, yfirréttarmálaflutningsmaður, að greiða 30 kr. sekt fyrir þau, sinn helminginn í hvern sjóðinn, landssjóð og bæjarsjóð Reykjavíkur. Þá eiga og orðin : »visvitandi ósannindi« í varnarskjali málaflutningsmanns stefnda um málaflutningsmann áfrýjanda, að vera dauð og ómerk, en ekki þykir ástæða til að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu úrskurðum skal óraskað. Framantalin ummæli skulu vera dauð og ómerk. Málaflutningsmaður áfrýjanda, yfirdómsmálaflutningsmaður Páll Jónsson, greiði 30 kr. sekt, að helmingi í landssjóð og að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur. Áfrýjandi, Björn Gíslason, greiði stefnda Degi Brynjólfssyni, 40 krónur í málskostnað. Sekt og málskostnaður greið-

ist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms-
þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóv. 1915.

Nr. 43/1915

Kristján Jónasson

gegn

Birni Kristjánsyni

og Birni Sigurðssyni

bankastj. f. h. Landsbankans.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stjórn Landsbankans, hinir
stefndu gegn áfrýjandanum Kristjáni Jónassyni og
tveimur öðrum mönnum út af reikningslánssskuld, er
Kristján Jónasson stóð í við Landsbankann samkv.
lánsamningi dags. 5. maí 1905, og var lánið upp-
runalega samkvæmt samningi þessum 800 kr. Var
málið sótt og rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur og
lauk því með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22.
október f. á., að áfrýjandinn var in solidum með 2
öðrum mönnum dæmdur til að greiða hinum stefndu
fyrir hönd Landsbankans eftirstöðvar lánsins, eins
og þær þá töldust, 780 kr. 20 au. með 7% ársvöxtum
frá 1. janúar 1913 til borgunardags og málskostnað
að upphæð kr. 45.35. Gestaréttardómi þessum hefir
áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13.
júli þ. á., og jafnframt úrskurði, uppkveðnum af